

SKOÐANAKANNANIR

Hverjir kjósa hvern?

FÉLAGSVISINDASTOFNUN Háskóla Íslands hefur tekið saman fyrir Morgunblaðið niðurstöður úr þremur síðustu þjóðmálakönnunum sínum um stuðning fólks við stjórnmálaflokkana, og greint eftir kyni, aldri og starfsstétt. Þessi greining gefur nokkra vísibendingu um það hvernig línurnar liggja í fylgi flokkanna.

Byggt er á svörum úr könnunum, sem gerðar voru í lok febrúar, byrjun marz og seinni hluta marz. Í tveimur fyrri könnunum var úrtakið 1.200 manns, en 1.500 í þeirri síðustu, og hefur hún því heldur meira vægi í heildarútkönnunni.

Heildarföldi svarenda í þessum þremur könnunum er 2.818. Þar af taka 2.165 afstöðu, þ.e. nefna flokk sem þeir styðja. Þetta eru um 77% svarenda, en 23% alls ætla ekki að kjósa, neita að svara eða eru óvissir.

Gera þer þann fyrirvara að þar sem niðurstöður eru greindar eftir starfsstéttum, er sums staðar um fámenna hópa að ræða og tölurnar eru því fremur gróf vísibending um kosningahegðun viðkomandi stéttar en mjög marktækar leiðarvísir.

Að sögn Karls Sigurðssonar, stjórnmálafræðings hjá Félagsvísindastofnun, sem hafði umsjón með samantektinni, voru sveifur á fylgi flokkanna á milli kannanna þriggja ekki það miklar að þær skekji verulega þann samanburð, sem fæst með því slá saman þremur úrtökum með þessum hætti. Karl segir að svipuð kynja- og aldurskipting hafi komið fram í öllum könnunum þremur.

Færri konur en karlar kjósa Sjálfstæðisflokkinn

Þegar lítið er á fylgi flokkanna meðal hvors kyns um sig, kemur í ljós að Alþýðuflokkurinn á sama fylgi hjá báðum kynjum, eða 11%. Framsóknarflokkur og Alþýðubandalag eiga ólítil meira fylgi hjá körlum en konum, en munurinn er tæplega marktækur. Hins vegar munar miklu á fylgi kynjanna við Sjálfstæðis-

Kennarar og heilbrigðisstarfsfólk kjósa einkum stjórnarandstöðuflokkana, meirihluti bænda kýs Framsókn en enginn Alþýðuflokkinn, Sjálfstæðisflokkurinn á erfitt uppdráttar meðal yngri kvenna þótt hann eigi mest fylgi meðal flestra stétta og fylgi Kvinnalistsans er aðallega meðal kvenna á miðjum aldri sem vinna hjá hinu opinbera. Þetta er á meðal niðurstaðna af greiningu á niðurstöðum þriggja síðustu stjórnmálakannanna Félagsvísindastofnunar, sem Ólafur P. Stephensen rýndi í.

flokkinn. Í könnunum þremur sögðust að meðaltali 42% karla styðja flokkinn, en 33% kvenna. Kvinnalistin á miklu meira fylgi meðal kvenna en karla, eins og búast mátti við, eða 9% á móti 2%. Þjóðvaki nýtur líka áberandi meira fylgis meðal kvenna, eða 15%, en 8% fylgis hjá körlum.

Alþýðubandalagið hefur oft notið meira fylgis meðal kvenna en karla í skoðanakönnunum og mætti því ætla að konur, sem áður studdu Alþýðubandalagið, styðji nú Þjóðvaka. Jafnframt er líklegt að Þjóðvaki hafi náð til sín hluta af því fylgi, sem Kvinnalistin hefur tapað.

Fylgi Kvinnalista mest hjá 30-49 ára konum

Þegar fylgi flokkanna hjá hvoru kyni um sig er auk þess greint eftir aldri, kemur ekki fram mikill munur á stuðningi við hvern flokk um sig eftir aldri hjá körlum. Þó má benda á að Alþýðuflokkurinn nýtur talsvert minna fylgis hjá körlum á aldrinum 18-29 ára (8%) en aldursþópnum 30-49 ára (13%).

Þegar hins vegar er lítið á fylgi flokkanna meðal kvenna, greint eftir

aldursþópum, þer mest á því annars vegar Kvinnalistin á mest fylgi í mið-aldursþópnum, en minna meðal yngstu og elztu kvennanna.

Hins vegar er áberandi að Sjálfstæðisflokkurinn á erfitt uppdráttar hjá konum á aldrinum 18 ára til fimmtugs. Þar nýtur flokkurinn ekki nema um 30% stuðnings, en í elzta aldursþópnum á hann fylgi, sem er svipað og fylgi flokksins meðal karla. Þetta er í samræmi við þá staðreynd að konur í Norður-Evrópu hafa í auknum mæli stutt vinstri flokka á síðastliðnum áratugum og útskýrir jafnframt nýlega áhreru Sjálfstæðisflokksins á að ná til yngri kvenna. Niðurstaðan bendir þó til að þar hafi flokkurinn enn ekki náð árangri og til dæmis ekki náð nógu vel til þeirra ungu kvenna, sem ekki telja sig eiga samleið með Kvinnalistanum.

Sjálfstæðisflokkur stærstur hjá flestum stéttum

Félagsvísindastofnun hefur greint fylgi flokkanna eftir átján starfsstéttum. Þetta er ýtarlegri greining en sú, sem notuð hefur verið þegar um minna heildarúrtak er að ræða, en þá eru sumir þessir hópar sameinaðir.

Af sülurritunum er augljóst að Sjálfstæðisflokkurinn á mestu fylgi að fagna í öllum starfsstéttum — nema meðal bænda, þar sem Framsóknarflokkurinn á meirihlutfylgi að fagna, og á meðal kennara, en þar á Alþýðubandalagið mest fylgi.

Þessi greining sýnir okkur að fólk, sem starfar aðallega hjá hinu opinbera, þ.e. kennarar og fólk í heilbrigðisstéttum, kýs flokka núverandi stjórnarandstöðu miklu frekar en stjórnarflokkana. Sérstaklega á Kvinnalistin hlutfallslega meira fylgi að fagna hjá þessum stéttum en annars staðar.

Enginn bóndi kýs Alþýðuflokkinn

Ef lítið er á það hvar flokkarnir eru sterkastir og veikastir og byrjað á Sjálfstæðisflokknum, hefur hann minnst fylgi meðal kennara og heilbrigðisstarfsmanna, en meirihlutfylgi hjá sérfræðingum, deildarstjórum og hærri settum stjórnendum, atvinnurekendum og sölumönnum.

Alþýðuflokkurinn á mest fylgi hjá gjaldkerum, stjórnendum og fólki í ýmsum þjónustustörfum en ekkert hjá bændum og fulltrúum og mest lítið hjá kennurum.


Framsóknarflokkurinn er langsterkastur hjá bændum, en hann á einnig nokkuð sterkt fylgi hjá þeim, sem ekki vinna úti, hjá verkafólki og afgreiðslufólki.

Alþýðubandalagið á mest fylgi meðal verkafólks og opinberra starfsmanna, en minnst hjá stjórnendum, atvinnurekendum og bændum.

Þjóðvaki á sömuleiðis mest fylgi hjá opinberum starfsmönnum og verkafólki en minnst hjá stjórnendum, listamönnum og fólki sem vinnur að félagsstörfum.

Kvinnalistin á mesta fylgið hjá opinberum starfsmönnum og meðal listamanna og félagsmálafólks. Minnst fylgi á flokkurinn hins vegar hjá fólki í ýmsum þjónustustörfum, atvinnurekendum, sjómönnum og bændum.

Skoðanakannanir Félagsvísindastofnunar: Fylgi stjórnmálaflokka, flokkað eftir starfsstétt Hlutfallslegt fylgi, fjöldi svarenda í sviga.



Fylgi stjórnmálaflokka, flokkað eftir kyni og aldri

